

2011

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2011
fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 9:00-16:00 á Grand Hótel

Fundargerð



Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

9:00 Setning aðalfundar. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður

Formaður bauð fundarmenn velkomna á aðalfund Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Formaður ræddi að ýmislegt hefði áunnist í menntun og framþróun hjúkrunar hér á landi á síðustu áratugum. Stór hluti hjúkrunarfræðinga er nú með framhaldsmenntun og um 3% hafa lokið doktorsgráðu. Sérfræðileyfi í hjúkrun hafa nú tæplega 60 hjúkrunarfræðingar.

Formaður benti á að farið hafi verið geyst í að skera niður hjúkrunarþjónustu í hagræðingaraðgerðum í heilbrigðiskerfinu síðustu ár. Hjúkrunarheimi hafa, mörg hver, skorið niður mönnun hjúkrunarfræðinga og aukið hlutfall ófaglærðra við umönnun aldraðra. Rannsóknir hafa sýnt að gæði þjónustu á hjúkrunarheimilum eru lakari þar sem mönnun hjúkrunarfræðinga er skorin niður. Sem betur fer hafa stjórnendur nokkurra hjúkrunarheimila áttað sig á þeim faglega og fjárhagslega ávinningi sem er fólgin í faglegri umsjón og stjórnun hjúkrunarfræðinga á hjúkrunarheimilum.

Formaður gagnrýndi m.a. vinnubrögð stjórnáráðs í tengslum við endurskoðun á hlutverki heilsugæslunnar þar sem hlutverki og framlagi hjúkrunar voru ekki gerð skil í skýrslu nefndar um eflingu heilsugæslunnar. Fíh benti á hvernig megi nýta enn frekar en nú er sérfræðipækkingu hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu og nýta betur auðlind hjúkrunar við skipulag og verkaskiptingu heilsugæslunnar. Formaður Fíh kallaði saman hóp heilbrigðisstétta í heilsugæslu til samstarfs um tillögugerð að verkaskiptingu og samvinnu í heilsugæslu. Það samstarf er í gangi og vonast er til að ráðherra fái tillögur hópsins næsta haust.

Formaður nefndi að tveir meginvaxtarbroddar í heilbrigðisþjónustu næstu árin væru á sviði heilsugæslu og öldrunarþjónustu, þar sem hjúkrunarfræðingar ættu að vera leiðandi aðilar í uppbyggingu þjónustunnar.

Formaður benti ennfremur á að á þingi ICN sem nýlega var haldið var hvatt til þess að í stjórnsýslu aðildarlanda yrði ráðinn leiðandi aðili innan hjúkrunar í ráðuneyti heilbrigðismála sem væri stefnumótandi aðili fyrir hjúkrunarþjónustu og tengd málefni. Hvatti formaður ráðherra að ganga á undan með góðu fordæmi og ráða slíkan aðila við velferðarráðuneytið.

Formaður minntist á nýja stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til ársins 2020 sem kynnt verður síðar á aðalfundinum. Hún hvatti til þess að heilbrigðisyfirvöld nýttu sér enn frekar þekkingu hjúkrunarfræðinga við forgangsröðun og stefnumótun í heilbrigðismálum og bauð fram krafta og samstarf Fíh.

Ávarp Guðbjartar Hannessonar, velferðarráðherra

Ráðherra þakkaði fyrir boðið á aðalfundinn.

Í ávarpi sínu ræddi ráðherra m.a. um stöðu efnahagsmála og að um 250 milljónir króna færu í það á dag að borga niður vaxtaskuldir hjá íslenska ríkinu. Hann benti á að snúa þyrfti dæminu við og breyta stöðunni þannig að hægt væri að snúa vaxtargreiðslunum yfir í velferð.

Ráðherra ræddi einnig um uppbyggingu nýs ráðuneytis, helstu málaflokka og umfang verkefna. Hann lýsti skoðun sinni á því að stefnumál í heilbrigðisþjónustu ættu að vera óháð þeim aðila sem sæti í ráðherrastóli hverju sinni og bæri að hugsa til lengri tíma. Mikilvægt væri að breyta ekki sífellt um pólitíska stefnu í heilbrigðis- og velferðarmálum í hvert sinn sem nýr ráðherra tæki við málaflokknum.

Ráðherra fjallaði um þann niðurskurð sem hefur verið á heilbrigðisstofnunum og benti á að náðst hefði að draga úr áformuðum niðurskurði á árinu 2011. Fyrirsjáanlegt væri að enn þyrfti að spara og skera niður á næsta ári. Hann sagði frá vinnuhópi sem farið hefur á allar heilbrigðisstofnanir landsins til að leggja mat á mögulegar leiðir í sparnaði. Nú væri sú vinna hafin á ný og hópur væri nú á ferð um landið til að skoða stöðuna aftur á hverri stofnun fyrir sig.

Ráðherra fagnaði frumkvæði og vinnu Fíh í stefnumálum og sagðist vilja efla samvinnu ráðuneytis við fagfélög. Í því sambandi ræddi hann um að formgera enn frekar slíkt samstarf við Fíh.

Fundargerð aðalfundar Fíh 2011

1. 9:30 Kosning fundarstjóra og ritara

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir og Cecilie B. H. Björgvinsdóttir voru kosnar fundarstjórar aðalfundar.

Herdís Gunnarsdóttir og Þórunn Sævarsdóttir voru kosnar ritara aðalfundar.

2. 9:35 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. *Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður*

Formaður Fíh fór yfir og gaf skýringar á starfsemisskýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfsárið 2010-2011 sem er gerð ítarleg skil í fylgiriti aðalfundar 2011.¹ Formaður ræddi m.a. sérstaklega stöðu mála gagnvart BHM og gaf yfirlit yfir hvernig það mál hefur þróast s.l. starfsár hjá stjórn Fíh.

3. 9:50 Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar *Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri og Ragnheiður Gunnarsdóttir, gjaldkeri*

Fjármálastjóri og gjaldkeri Fíh fóru yfir ársreikninga Fíh 2010, sem lagðir voru fram í fylgiriti aðalfundar 2011.² Nokkrar fyrirspurnir voru um ársreikninginn og fjármálastjóri gaf skýringar á hagnaði ársins. Á rekstrarreikningi félagssjóðs gefa rekstrarhagnaður og fjármunatekjur fyrir árið 2010 hagnað upp á tæpar 40 mkr. Er sá hagnaður að stórum hluta kominn til vegna þátta sem ekki er líklegt að falli til aftur á næsta ári. Skýringar á hagnaði ársins 2010 felast m.a. í betri ávöxtun sjóða og bréfa, seldri þjónustu til sjúkra- og styrktarsjóðs og endurgreiðslum BHM á eignarhluta í húsnæði.

Bent var á prentvillu í reikningum Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen.

Ársreikningar Fíh fyrir árið 2010 voru samþykktir á aðalfundinum.

4. 10:20 Ákvörðun um félagsgjöld *Ragnheiður Gunnarsdóttir, gjaldkeri*

Gjaldkeri Fíh lagði fram tillögu stjórnar um félagsgjöld Fíh.³

Lögð var fram tillaga um að grunnur félagsgjalda verði óbreyttur frá því sem ákveðið var 2008. Vístöluviðmiðið verði einnig óbreytt, sem er 3%.

Rætt var um hvort það væri tilgangur félagsins að safna upp hagnaði og hvort félagsgjöld væru þá ekki of há. Í því sambandi þykir eðlilegt að horfa til lengri tíma en eins árs, eða til 2-3 ára, þó svo að félagssjóður ætti öllu jöfnu að vera gegnumstreymissjóður.

Unnur Þormóðsdóttir lagði fram breytingartillögu um að vísitöluviðmiðið yrði fellt út. Umræða fór fram um þá tillögu. Formaður gaf skýringu á því hvernig félagsgjöld eru samsett og hvernig þeir félagsmenn fá félagsgjöldin nánast endurgreidd í formi styrkja frá vísindasjóði. Greidd voru atkvæði um tillögu Unnar og **var breytingartillagan felld.**

Tillaga stjórnar Fíh um félagsgjöld var samþykkt.

¹ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 7-15.

² Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 17-42.

³ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 43.

5. 10:45 Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsárs *Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður*

Formaður Fíh fór yfir og gaf skýringar á markmiðum og starfsáætlun Fíh fyrir næsta starfsár sem eru gerð ítarleg skil í fylgiriti aðalfundar 2011.⁴ Formaður greindi frá því að í stefnu Fíh sem lögð yrði fram á fundinum væri að finna helstu verkefni sem væru framundan hjá félaginu. Markmið fyrir starfsemi félagsins væru því sett fram með hliðsjón af brýnustu málum hverju sinni, m.a. úr stefnu Fíh.

Starfsáætlun Fíh fyrir næsta starfsár var samþykkt á aðalfundinum.

6. 11:00 Afgreiðsla fjárhagsáætlunar næsta starfsárs *Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri og Ragnheiður Gunnarsdóttir, gjaldkeri*

Fjármálastjóri og gjaldkeri Fíh lögðu fram fjárhagsáætlun Fíh fyrir næsta starfsár, sem lögð var fram í fylgiriti aðalfundar 2011.⁵ Fjármálastjóri tilgreindi að gjöld væru ríflega áætluð og tekjur að sama skapi varfærnislega áætlaðar. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir rúmlega 600.000 kr. hagnaði á félagssjóði Fíh á næsta starfsári.

Fjárhagsáætlun Fíh fyrir næsta starfsár var samþykkt á aðalfundinum.

7. 11:20 Lagabreytingar

a. Tillögur til lagabreytinga kynntar

Fyrir aðalfundi lágu tvær lagabreytingartillögur⁶, annars vegar tillaga stjórnar svæðisdeildar Suðurlands um breytingar á 15. gr. laga um svæðisdeildir. Þar var lagt til fjölgun svæðisdeilda úr 7 í 8, þar sem bætt yrði við svæðisdeild Vestmannaeyja og hins vegar breytingartillaga við 15. gr. laga um svæðisdeildir um breytt hlutverk svæðisdeilda, frá Önnu Soffíu Guðmundsdóttur.

b. Umræður um tillögur til lagabreytinga og atkvæðagreiðsla

Miklar umræður voru um tillögu svæðisdeildar Suðurlands. Samstarf hjúkrunarfræðinga í Vestmanneyjum er lítið við svæðisdeild Suðurlands og kemur þar til landlega og erfiðleikar við samgöngur. Nokkrar umræður urðu um stærð og vægi svæðisdeilda áður en tillagan var borin upp fyrir aðalfund. Tillagan var borin upp og samþykkir voru 15 og 37 voru á móti. **Tillagan var felld á aðalfundi Fíh.** Rætt var um að stjórn Fíh þurfi að skoða þær athugasemdir sem fram komu á fundinum og hvernig má koma til móts við þarfar svæðisdeildanna og skoða málið heildstætt.

Anna Soffía Guðmundsdóttir mælti fyrir tillögu um hlutverk svæðisdeilda, en samkvæmt 15. grein er hlutverk þeirra fyrst og fremst að vinna að kjara- og réttindamálum í umdæminu í samvinnu við kjara- og réttindasvið félagsins en samkvæmt breytingartillögunni yrði hlutverk þeirra fyrst og fremst *að vinna að upplýsingagjöf, fræðslu og innra starfi deildarinnar. Stuðningur við starf trúnaðarmann á svæðinu geri deildinni kleift að fylgjast með kjara- og réttindamálum.* Trúnaðarmenn eru á öllum stöðum og telur hún að bæta þurfi frekar trúnaðarmannakerfið í svæðisdeildum og efla samstarfið við félagið.

Miklar umræður, sem fjölmargir fundarmenn tóku þátt í, urðu um tillöguna og um lagabreytingar almennt, að þær beri að taka alvarlega og að undirbúa vel. Anna Soffía lagði fram breytingartillögu um að fella inn í grein að samþykkt breyting hafi átt sér stað á aðalfundi 2011. Jón Aðalbjörn Jónsson lagði fram frávisunartillögu og rökstuddi hana með því að lög þurfi að standa lengur en á milli aðalfunda. Koma eigi á fót nefnd sem vinni að endurskoðun laganna í heild og að þeirri nefnd beri að fjalla um þetta mál og þannig tryggja að um ígrundaða og vandaða

⁴ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 45-49.

⁵ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 51-55.

⁶ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 57-60.

vinnu sé að ræða. Frávísunartillagan var borin upp fyrir aðalfund, 35 voru samþykktir og 8 voru á móti, **Frávísunartillaga var því samþykkt á aðalfundi Fih**. Breytingartillaga Önnu Soffíu var ví næst borin upp fyrir aðalfund. Samþykktir voru 23 og 23 á móti. **Breytingartillagan var felld þar sem 2/3 hluta atkvæða þarf til að samþykkja lagabreytingar samkvæmt lögum Fih.**

8. 13:00 Staðfesting starfsreglna B-hluta Vísindasjóðs

Auðna Ágústsdóttir kynnti tillögur að breyttum starfsreglum B-hluta vísindasjóðs.⁷ **Starfsreglurnar voru samþykktar á aðalfundinum.**

9. 13:05 Formannskjöri lýst

Guðrún Jónasdóttir formaður kjörnefndar, lýsti kjöri formanns Fih.⁸

Atkvæðagreiðsla fór fram í apríl. 50,1 % atkvæðisbærra félagsmanna greiddu atkvæði. Atkvæði féllu þannig að Elsa B. Friðfinnsdóttir hlaut 1098 atkvæði eða 60,53% atkvæða og Sólfriður Guðmundsdóttir hlaut 702 atkvæði eða 38,70% atkvæða.

Elsa B Friðfinnsdóttir er því réttkjörinn formaður til næstu 2ja ára.

Elsa tók til máls og þakkaði traustið og stuðninginn en sagði jafnframt að þetta yrðu hennar síðustu ár sem formaður, og hvatti þá sem hafa áhuga á að taka við að fara að undirbúa sig fyrir þetta skemmtilega og krefjandi verkefni.

9.1 13:10 Kjöri fulltrúa svæðisdeilda lýst

Guðrún Jónasdóttir lýsti kjöri fulltrúa svæðisdeilda en þeir eru kosnir á vettvangi svæðisdeilda í aðdraganda aðalfundar og eru sjálfkjörnir í stjórnina.⁹ Fulltrúar svæðisdeilda í stjórn eru:

- Sigríður Kristinsdóttir, austurlandsdeild.
- Kristín Thorberg, norðurlandsdeild
- Aðalheiður D Matthíasdóttir, deild höfuðborgarsvæðis.
- Fjola Ingimundardóttir, suðurlandsdeild.
- Margrét Blöndal, suðurnesjadeild.
- Jóhanna Oddsdóttir, vestfjarðadeild.
- Björk Elva Jónasdóttir, vesturlandsdeild.

13:20 Kosning skoðunarmanna

Eftirfarandi aðilar voru kosnir sem skoðunarmenn reikninga úr röðum félagsmanna:

- Herdís Herbertsdóttir
- Þórgunnur Hjaltadóttir

⁷ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 61-62.

⁸ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 63.

⁹ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 65.

13:30 Kosning í nefndir

a. Kjörnefnd

Eftirfarandi aðilar voru kosnir í kjörnefnd Fíh:

- Hildur Rakel Jóhannsdóttir
- Ragna Dóra Rúnarsdóttir
- Sigríður Lóa Rúnarsdóttir
- Varamaður: Sólveig Jóna Haraldsdóttir

b. Ritnefnd

Eftirfarandi aðilar voru kosnir í ritnefnd Fíh:

- Árun K. Sigurðardóttir
- Brynja Örlygsdóttir
- Kolbrún Albertsdóttir
- Þorsteinn Jónsson

c. Stjórn Orlofssjóðs

Eftirfarandi aðilar voru kosnir í stjórn orlofssjóðs Fíh:

- Birna Jónsdóttir
- Guðrún Ágústsdóttir
- Ingibjörg Rósa Friðbjörnsdóttir
- K. Hjördís Leósdóttir
- Ólöf Sigurðardóttir

10. 13:50 Önnur mál:

a. Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum

Stefna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í hjúkrunar- og heilbrigðismálum var kynnt á aðalfundi.¹⁰ Vigdís Hallgrímsdóttir formaður stefnufundar kynnti stefnuna. Stefnan gildir til 2020. Í nefndinni sátu auk Vigdísar, Aðalbjörg Finnbogadóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Kristín Sólveig Bjarnadóttir og Kristrún Þórkelsdóttir.

Við undirbúning og mótun stefnunnar var lítið til stefnu ýmissra annarra landa og skoðaðar skýrslur og rit. Víða var leitað fanga og unnið var í rýnihópum með hjúkrunarfræðingum úr ýmsum áttum og fjallað um hvert hjúkrunarfræðingar vilja stefna. Drög að stefnunni höfðu verið lögð fyrir hjúkrunarþing haustið 2010 og þar unnið í hópum. Ýmsar tillögur komu þar fram að úrbótum og vann nefndin úr þeim.

Sett voru fram gildi félagsins sem þjóna þeim tilgangi að vísa veginn:

- **Þekking** stendur fyrir rannsóknir og fagmennsku í hjúkrun.
- **Færni** stendur fyrir þjálfun og notkun faglegrar þekkingar við störf.
- **Umhyggja** stendur fyrir virðingu, samheldni og trúnað.

Hugmyndafræði hjúkrunar leitar í smiðju Virginiu Henderson með það megin markmiðið er að allir þjóðfélagsþegar fái viðeigandi hjúkrunarþjónustu. Framtíðarsýn er lýst í stefnunni og megin málaflokkar sem stefnan tekur til eru:

- Heilbrigðismál og heilbrigðisþjónusta.
- Hjúkrunarþjónusta og lýðheilsa.

¹⁰ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 68-77.

Fundargerð aðalfundar Fih 2011

- Menntun, þekking, starfsþróun og þróun hjúkrunar.
- Leiðtogahlutverk, ábyrgð og forræði.
- Gæði og öryggi.
- Upplýsingatækni.

Næstu skref eru þau að stefnan verður stjórn félagsins sem leiðarljós, nýtist félaginu sem kynningarefni og fag- og svæðisdeildum við þeirra stefnumótum. Stutt útgáfa, fjórblöðungur með helstu punktum verður gefinn út. Ýmsir tjáðu sig um stefnuna og voru viðbrögð almennt jákvæð.

Stefnan var borin undir aðalfundinn og samþykkt.

b. Staðfesting starfsreglna Fagdeildar nýrnahjúkrunarfræðinga

Hildur Einarsdóttir kynnti nýja fagdeild nýrnahjúkrunarfræðinga sem stofnuð var 5 apríl 2011. Stofnfélagar voru 36 og starfsreglur í gögnum fundarins.¹¹ Hlutverkið er að vinna að framgangi hjúkrunarþjónustu til nýrnasjúklinga. Einnig að efla tengsl og tengslanet innanlands jafnt sem utan. Umræður fóru fram og stofnun fagdeildarinnar var fagnað.

Starfsreglur fagdeildarinnar voru bornar undir aðalfundinn og voru þær samþykktar.

c. Tillaga frá stjórn Vinnudeilusjóðs

Hildur Einarsdóttir bar fram tillögu frá stjórn vinnudeilusjóðs¹² þess efnis að félagsmenn greiði **0,30%** af dagvinnulaunum í vinnudeilusjóð til að efla sjóð félagsins.

Sjóðurinn á 137 milljónir króna. Ef til átaka kemur eða styrkja þarf félagsmenn vegna aðgerða þá duga þessar milljónir skammt eða í mesta lagi fyrir 3ja vikna verkfalli miðað við að 40% félagsmanna fari í verkfall. Það er stuttur tími fyrir verkfall en þau verkföll sem hjúkrunarfræðingar hafa farið í hafa staðið í allt að 6 vikur. Tekið var dæmi af verkfalli hjúkrunarfræðinga í Danmörku sem stóð mjög lengi og eru félagsmenn þar að greiða tvöfalt félagsgjald til þess að greiða skuldir verkfallssjóðs sem er í miklum mínus eftir þær aðgerðir.

Líflegar umræður voru um tillöguna og lagði Anna Soffía Guðmundsdóttir fram frávísunartillögu sem var borin fyrir aðalfund. Samþykkir frávísunartillögu voru 14 og 32 voru á móti. **Frávísunartillaga var því ekki samþykkt á aðalfundinum.**

Rut Gunnarsdóttir lagði til breytingartillögu við tillöguna um að félagsmenn greiddu **0,15%** af dagvinnulaunum í vinnudeilusjóð. Tillagan var borin fyrir aðalfund. Samþykkir breytingartillögunni voru 31 og 11 voru á móti. **Breytingartillagan var því samþykkt á aðalfundinum.**

Aðalfundur samþykkti því að félagsmenn greiði 0,15 % af dagvinnulaunum í vinnudeilusjóð.

¹¹ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 78.

¹² Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (2011). *Aðalfundur 2011*. Grand hótél Reykjavík, 19. maí 2011. Bls. 79-80.

d. Staða styrktar- og sjúkrasjóðs

Formaður kynnti stöðu styrktar- og sjúkrasjóðs. Hlutverk sjóðsins er að styrkja sjóðsfélaga og koma þannig m.a. til móts við:

- Tekjutap vegna ólaunaðrar fjarveru sjóðsfélaga frá vinnu vegna veikinda sjóðsfélaga eða nákominna eða annarra persónulegra aðstæðna.
- Útgjöld vegna andláts sjóðsfélaga.
- Útgjöld sjóðsfélaga vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu.
- Óbætt áföll vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðsfélaga.

Fjöldi félagsmanna sækir um styrki úr sjóðunum og ljóst að auka þarf tekjur þeirra til að mæta umsóknum. Lögfræðingar félagsins vinna nú að undirbúningi stefnu vegna frávísunar hjúkrunarfræðinga úr sjóðum BHM eftir úrsögn félagsins úr BHM.

e. Ályktanir

Bornar voru upp fjórar ályktanir til samþykktar fyrir aðalfundinn:

1. *Ályktun aðalfundar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2011 um kjaramál*

Cecilie B. H. Björgvinsdóttir las upp eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga haldinn 19. maí 2011 skorar á helstu viðsemjendur félagsins, fjármálaráðherra, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin, að ganga nú þegar til samninga við hjúkrunarfræðinga eða í síðasta lagi fyrir lok maí. Ef ekki hefur verið gengið frá kjarasamningum fyrir lok maí hvetur aðalfundur Fíh samninganefnd og stjórn félagsins til að kanna grundvöll og hug félagsmanna til aðgerða eins og yfirvinnubanns eða verkfalls.

Kjarasamningar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) runnu út í byrjun árs 2009. Síðan hefur lítið þokast í samkomulagsátt við helstu viðsemjendur þrátt fyrir að Fíh hafi lagt fram ýmsar hugmyndir að samkomulagi.

Áhersla samninganefndar Fíh í samningaviðræðum við viðsemjendur sína hefur verið á að gera samninga sem tryggja félagmönnum launahækkanir sem þarf til að tryggja kaupmátt launa, og að tekið sé á ýmsum réttindum og sérmálum hjúkrunarfræðinga.

Gengið hefur verið frá samningum við aðila á almennum markaði og vilja viðsemjendur Fíh hafa þá til viðmiðunar við gerð samninga á opinberum markaði. Aðalfundur Fíh mótmælir því harðlega að búið sé að framselja samningsumboð félagsins í hendur samningsaðila á almennum markaði með þessum hætti.

Aðalfundur Fíh samþykkti ályktunina.

2. Ályktun aðalfundar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2011 um fjárveitingar til hjúkrunarfræðimenntunar

Sigurveig Gísladóttir las upp eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga haldinn 19. maí 2011 varar eindregið við þeim alvarlegu afleiðingum sem skertar fjárveitingar til hjúkrunarfræðináms munu hafa á gæði námsins og menntun hjúkrunarfræðinga þegar til lengri tíma er litið.

Fjárveitingarnar byggja á tveimur megin þáttum, annars vegar fjölda nemenda og hins vegar á rannsóknavirkni kennara deildanna. Eina leið stjórnenda hjúkrunarfræðideilda háskólanna til að bregðast við skertum fjárveitingum er því að draga úr kennslu til nemenda, fækka umræðutímum og minnka leiðsögn. Slíkt mun augljóslega leiða til lakari árangurs nemendanna og hafa neikvæð áhrif á gæði heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni.

Aðalfundurinn hvetur stjórnvöld til að horfa til framtíðar og tryggja áframhaldandi góða heilbrigðisþjónustu með því meðal annars að falla frá skerðingum á fjárveitingum til hjúkrunarfræðináms hér á landi.

Aðalfundur Fíh samþykkti ályktunina.

3. Ályktun aðalfundar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2011 um styrk og hlutverk hjúkrunarfræðinga í heilbrigðiskerfinu

Herdís Gunnarsdóttir las upp eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga haldinn 19. maí 2011 hvetur stjórnvöld til að nýta krafta og þekkingu stéttarinnar enn betur en nú er gert, til hagsbótar fyrir íslensku þjóðina.

Hjúkrunarfræðingar eru stærsta heilbrigðisstéttin á Íslandi. Menntun þeirra er víðtæk og tekur á heilbrigði og veikindum einstaklinga. Í krafti sinnar breiðu þekkingar og fjölbreyttra starfa hafa þeir mikla yfirsýn bæði á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Fagleg færni og umhyggja fyrir einstaklingum, frá vöggju til grafar, eru leiðarljós í störfum stéttarinnar. Sérfræðiþekking fer sívaxandi í hjúkrun og nýta má enn betur þá auðlind við uppbyggingu á sérhæfðri þjónustu sem miðar að þörfum sjúklinga og eflingu heilbrigðis.

Aðalfundur Fíh samþykkti ályktunina.

4. Ályktun aðalfundar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2011 um skólaheilsugæslu barna.

Vigdís Steinþórsdóttir las upp eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga haldinn 19. maí 2011 skorar á stjórnvöld að standa vörð um forvarnir og almenna stuðningsþjónustu er lýtur að skólabörnum.

Sérstök áhersla verði lögð á skólaheilsugæslu, skólasálfræðiþjónustu og almenna barnavernd.

Aðalfundur Fíh samþykkti ályktunina.

11. 15:30 Aðalfundi slitið *Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður*

Formaður þakkað fundarmönnum virka þátttöku í fundinum og gagnlegar umræður til hagsbóta fyrir félagið. Formaður þakkaði starfsmönnum fundarins, fundarstjórum og riturum.

Formaður þakkaði einnig nefnd um stefnumótun og upplýsingatækni sem hefur haldið utan um vinnu og skilað skýrslu um stefnu Fíh fram til 2020.



www.hjukrun.is

Fundargerð aðalfundar Fíh 2011

Sérstakar þakkir fékk Soffía Sigurðardóttir sem starfað hefur afar farsælega sem fulltrúi á skrifstofu Fíh um áratugaskeið, en hún hefur nú látið af störfum. Guðrún Andrea Guðmundsdóttir sem mun taka við starfi Soffíu var boðin velkomin til starfa á skrifstofunni.

Alls voru 97 félagsmenn skráðir til aðalfundar.

Fundinn rituðu:

**Herdís Gunnarsdóttir, ritari stjórnar Fíh
Þórunn Sævarsdóttir, meðstjórnandi Fíh**